

Nd.

323. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Annar minni hluti sjávarútvegsnefndar hefir á þingskjali 27 skýrt frá því, að „annar minni hlutinn vilji samþykkja frv. óbreytt, en hinn minni hlutinn vilji fella það“. Þeir, sem frá þessu skýra, eru hv. 1. þm. Suður-Múlasýslu (SvÓ) og

4. þm. Reykjavíkur (SÁÓ). Af innleggi þeirra verður samt eigi séð, hvað þeir sjálfir leggja til. Annars er rétt að geta þess, að nefndin er ekki skipt í tvo minni hluta, heldur í meiri og minni hluta. Um efni frv. er það að segja, að farið er fram á það, að hér eftir skuli lögboðið, að ekki séu skrifaðir vitnisburðir sjómanna, er þeir láta skrá sig úr skiprúmi, en hingað til hefir þótt sjálfsgagt, að slíkir vitnisburðir væru skráðir í bókina. Þetta er að sögn fram komið eftir ósk Sjómannafélags Reykjavíkur, þó að undarlegt megi virðast, þar eð allur þorri sjómanna eru vitanlega góðir og gegnir menn í starfi sínu. Meiri hluta sjómannastéttarinnar getur því varla þótt neinn hagur í því, að þeim fáu, sem ekki reynast heppilegir, sé gert hægara fyrir en ella, ef þeir vilja villa á sér sýn, er þeir ráðast í nýtt skiprúm, en til þess er óneitanlega stofnað, ef vitnisburði má ekki skrá í sjóferðabækur.

Nefndin hafði tal af formanni skipstjórafélagsins „Öldunnar“, hr. Þorsteini Þorsteinssyni skipstjóra, um frv. þetta, og taldi hann, að vitnisburðir í sjóferðabækurnar væru nauðsynlegir, enda bækurnar til þess ætlaðar jafnframt, og með þeim má sanna siglingatíma þess sjómanns, er hlut á að máli.

Meiri hluti fær því ekki séð, að nein bót sé að því, að þetta frv. nái fram að ganga, heldur hið gagnstæða, og leggur því til, að það verði fellt.

Alþingi, 30. marz 1931.

Jóhann Þ. Jósefsson,
frsm.

Benedikt Sveinsson,
fundaskr.

Hákon J. Kristófersson.